

**295. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 29. apríl 2024 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Valgarður Lyngdal Jónsson varamaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Lárus Ársælsson, umhverfisstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2403044 - Mánaðayfirlit 2024**

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri fór yfir lykiltölur í tengslum við rekstur á skipulags- og umhverfissviði.

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar Kristjönu Helgu Ólafsdóttur fjármálastjóra fyrir góða kynningu.  
Kristjana vék af fundi eftir þennan dagskrárlíð.*

**2. 2309257 - Grundaskóli C-álma framkvæmd**

Vettvangsskoðun skipulags- og umhverfissráðs og bæjarfulltrúa á verkstað í Grundaskóla.

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar fyrir góðar móttökur verktaka og skoðunarferð um svæðið. Afar ánægjulegt er að sjá að framkvæmdin gengur vel og mun hún hafa í för með sér mikla byltingu í starfsumhverfi Grundaskóla.*

**3. 24042330 - Leikskólalóðir**

Sandur af Langasandi í sandkassa.

*Skipulags- og umhverfissráð getur ekki orðið við beiðninni, þar sem efnistaka á Langasandi er bönnuð samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2021-2033.*

**4. 2401389 - Úrgangspjónusta - Útboð 2024-2030 (sorp)**

Tilboð í verkið voru opnuð 19. apríl 2024, en um er að ræða þjónustu til 6 ára. Opnunarskýrsla tilboða lögð fram.

*Tilboð í verkið voru opnuð 19.4.2024. Opnunarskýrsla upplýsir að í verkið bárust 2 tilboð og eru þau eftirfarandi:*

*a. Terra umhverfispjónusta ehf, kt. 410283-0349, 1.192.899.948 kr.*

*b. Íslenska Gámafélagið ehf, kt. 470596-2289, 1.278.742.800 kr.*

*Kostnaðaráætlun fyrir verkið er 838.000.000 kr.*

*Sviðstjóra er falið að yfirfara tilboðin og leggja fram tillögu um val á tilboði.*

**5. 2305200 - Sementsreitur austur - Gatnagerð og Veitur**

Tilboð í verkið voru opnuð sumardaginn fyrsta. Opnunarskýrsla tilboða lögð fram.

*Tilboð í verkið voru opnuð 25.4.2024. Opnunarskýrsla upplýsir að í verkið bárust 2 tilboð og eru þau eftirfarandi:*

a. Þróttur ehf, kt. 420369-3879, 227.941.600 kr.

b. Borgarverk ehf, kt. 540674-0279, 337.978.994

Kostnaðaráætlun fyrir verkið er 357.400.000 kr.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við Þrótt ehf. með fyrirvara um hæfi verktaka.

**6. 24042320 - Suðurgata 126, lyftuhús - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn lóðarhafa Suðurgötu 126 um stækkun byggingarreits um 11,9 m<sup>2</sup> til austurs. Byggja á lyftu við hús en núverandi lyftuhús verður fjarlæggt.

Skipulag- og umhverfiráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt verður fyrir Skagabraut 21, 23, 24, og 25 og Jaðarsbraut 3.

**7. 2301128 - Deiliskipulag Dalbrautarreitur - Stillholt 23 og Dalbraut 2**

Umsókn NH-2 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Stillholts 23 og Dalbrautar 2, sem unnin er af Tark arkitektum. Deiliskipulagslýsingin tekur til breytingar á deiliskipulagi Dalbrautarreits. Gert er ráð fyrir byggingu sem stallar sig frá fjórum og upp í tíu hæðir, ásamt bílajakallara.

Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir samþykki allra eigenda fasteigna á umræddum lóðum og lagfæringu á drögum að skipulagslýsingu.

**8. 2402042 - Skagabraut 17 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn til skipulagsfulltrúa um breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits vegna lóðar Skagabraut 17. í breytingunni felst að heimila þrjár íbúðir á lóð.

Umsóknin var grenndarkynnt skv. 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá 13.mars til 18. apríl 2024 fyrir lóðarhöfum á Skagabraut 15, Skagabraut 19, Háholti 12, Háholti 14 og Suðurgötu 123.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

**9. 2206209 - Sorphirða á Akranesi - framlenging á samningi**

Tillaga um að lengja opnunartíma hjá Gámu í vor, þ.a. opið verði til kl. 17:00 á laugardögum. Kostnaðarauki er 565.812 kr. fyrir þessa auknu þjónustu næstu 6 laugardaga frá 3. maí til 9. júní.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir tillöguna til að bregðast við mikilli nýtingu á laugardögum og leggur áherslu á góða kynningu á breytingunni.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.**

*Gert - Sveinur Guðmundsson*

*Sorais Alexia Sigurmundsdóttir*

*Valgerður Þ. Jónsdóttir*